

COVID-19

Leiðbeiningar fyrir akstur hópbifreiða

1. Þar sem ekki er unnt að tryggja 1 metra nándarmörk skal nota andlitsgrímu.
2. Börn fædd 2006 og síðar eru undanskilin grímunotkun og nándarmörkum.
3. Leiðbeinandi merkingar vegna COVID-19 frá sóttvarnalækni skulu vera við inngang í bifreiðinni (til útprentunar á [íslensku](#) og [ensku](#)).
4. Handspritt skal vera við inngang sem farþegar eiga að nota þegar þeir koma inn í bifreiðina.
5. Farþegar skulu ganga rólega með góðu millibili inn og út úr bifreið.
6. Farþegar skulu sitja dreift um bifreiðina ef kost er. Þeir sem eru í nánnum tengslum mega sitja saman.
7. Ef verið er að nýta hópbifreið til að flytja farþega sem **eru komnir í sóttkví gildir eftirfarandi**:
 - a. Bílstjóri og farþegar skulu nota hlífðargrímu sem hylur nef og munn, alla ferðina.
 - b. Tryggja skal 1 metra nándarmörk á milli ótengdra farþega. Tengdir aðilar eru t.d. úr sömu fjölskyldu, búa saman, vinahópur/vinnufélagar og ferðafélagar. Ef farþegar eru að koma úr sömu flugvél eða úr sama skipi skulu aðilar helst sitja saman eins og þeir gerðu um borð.
 - c. Tryggja skal 1 metra nándarmörk á milli farþega og bílstjóra.
 - d. Almenna reglan er að farþegar sjá alfarið um eigin farangur, bæði að ferma og afferma.
 - e. Mikilvægt er að lofta út hvenær sem færi gefst, sérstaklega milli ferða.
 - f. Bílstjóri þrífur og sótthreinsar bílinn eftir ferð skv. leiðbeiningum sóttvarnalæknis.

Bent er á leiðbeiningar og kynningarefni á [Covid.is](#)